

Aðalfundur Leiknar 2021

Haldinn föstudaginn 28. maí á Zoom kl 10:00

1. Kosning Fundarstjóra og fundarritari

Helgi Þ. Svavarsson, formaður, setti fundinn, bauð fundarfólk velkomið og lagði til að Ingibjörg Kristinsdóttir yrði skipuð ritari og að Valgeir Magnússon stýrð fundi. Báðar tillögur voru samþykktar.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir starfsemi Leiknar síðastliðið ár. Í skýrslu stjórnar komu eftirfarandi atriði meðal fram:

- Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi stjórnar, m.a. voru flestir fundir haldnir á Teams. mikið rætt um hvernig Leikn gæti komið inn sem sterkur aðili fullorðinsfræðslunnar, erum ekki með það afl sem þarf.
- Lögð fram könnun á nýtingu og gagni fræðsluerinda, 50% svörun frá aðildarfélögum.
- Ný aðildarfélög bætturst í hópinn, Rafmennt – fræðslusetur rafiðnaðarins og Múltí Kúltí.
- Birtar voru tvær greinar í fjölmiðlum
- Leikn tók þátt í netráðstefnu í samstarfi við Kvasi um „Símenntun nýrra kynslóða“ en um 1500 manns sóttu ráðstefnuna.
- Alþjóðlega samstarfið var í algjöru lágmarki.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins

Guðfinna Harðardóttir, gjaldkeri Leiknar fór yfir reikninga félagsins og bar saman áætlun og lokauppgjör.

4. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar og skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar félagsins samþykkt.

5. Fjárhags- og rekstraráætlun, ákvörðun um árgjald

Óbreytt félagsgjald þetta ár sem verður sent út á næstu önn, verður áfram 60.000 krónur. Árgjöld 60.000 krónur. 6. Lagab

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar verða að þessu sinni.

7. Kosning formanns

Helgi Þ. Svavarsson gaf kost á sér áfram sem formaður. Ekkert mótframboð kom fram og var Helgi kosinn formaður áfram.

8. Kjör stjórnar

Úr stjórn gengu Ingibjörg Kristinsdóttir og Guðfinna Harðardóttir. Í stjórn voru kjörin í þeirra stað Vigdís Þyri Ásmundsdóttir, framvegis og Kjartan Jónsson, Múltí Kúltí. Stjórnina skipa því Helgi Þ. Svavarsson, Símei; Þór Pálsson, Rafmennt; Eyrún Valsdóttir, Félagsmálaskóla alþýðu; Kjartan Jónsson, Múltí Kúltí, Vigdís Þyri Ásmundardóttir, Framvegis og Fjóla María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

9. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru Guðrún Lárusdóttir og Ólafur Ástgeirsson og var lagt til að svo verði áfram. Tillagan var samþykkt einróma

10. Kynning á könnun Leiknar : Leikn og þú.

Formaður fór yfir niðurstöður könnunarinnar sem eru aðgengilegar á [Heimasíðu Leiknar](#)

Fundi slitið kl. 10:50.

Fundarritun Ingibjörg Kristinsdóttir